



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Eintak án trúnaðar.

Mánudagur, 25. nóvember 2019

Ákvörðun nr. 42/2019

Kaup Skeljungs hf. á Basko ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Skeljungs hf. (hér eftir Skeljungur) á öllu hlutafé Basko ehf. (hér eftir Basko). Kaupin voru tilkynnt Samkeppniseftirlitinu þann 18. september 2019. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Fullnægjandi gögn með samrunatilkynningu bárust eftirlitinu með tölvubrési, dags. 27. september 2019.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 19. september 2019, samþykkti eftirlitið að veita samrunaaðilum undanþágu frá bannákvæði 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Var samrunaaðilum því heimilað að framkvæma samrunann, einkum í ljósi aðstæðna í rekstri Basko. Undanþágan var m.a. háð því skilyrði að ekki yrði gripið til aðgerða sem gerðu það að verkum að ómögulegt væri að vinda ofan af samrunanum.

Við athugun á máli þessu hefur, auk upplýsinga sem stafa frá samrunaaðilum, verið horft til gagna og upplýsinga sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað í rannsóknum á öðrum nýlegum samrunamálum á eldsneytis- og dagvörumarkaði, sbr. m.a. ákvarðanir eftirlitsins nr. 28/2018, 8/2019, 9/2019 og 14/2019.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Skeljungs á Basko felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunatilkynningu kemur fram að með samningi, dags. 17. september 2019, hafi Skeljungur lofað að kaupa og Horn III slf., Station ehf. og Borgarhólmi ehf. lofað að selja hlutafé í Basko ehf. (bæði í A og B flokki).

Skeljungur starfar einkum á eldsneytismarkaði, auk tengdra markaða. Stærstu hluthafar Skeljungs, sem skráð er á hlutabréfamarkað, eru:



Hluthafi	Eignarhlutur
Gildi lífeyrissjóður	9,20%
Kvika banki hf.	9,14%
Skeljungur hf.	7,73%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7,36%
Íslandsbanki hf.	6,38%
Arion banki hf.	6,04%
Birta lífeyrissjóður	5,51%
365 hf.	4,32%
Festa lífeyrissjóður	3,94%
Lífsværk lífeyrissjóður	3,18%

Skeljungur á eignarhluti í nokkrum félögum, þ. á m. á félagið 34% eignarhlut í félaginu Wedo ehf. Wedo rekur vefsíðurnar Heimkaup, Hópkaup og Bland.is. Heimkaup bjóða m.a. upp á dagvörur í vefverslun sinni.

Basko starfar á dagvörumarkaði. Basko rekur fjórar verslanir undir vörumerkinu 10-11 (í Austurstræti, á Laugavegi og Barónsstíg, Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar). Til viðbótar rekur Basko verslun undir heitinu Kvosin í Aðalstræti, Reykjavík, tvær nafnlausar verslanir í Reykjanesbæ og á Akureyri (áður Iceland) og verslanir Kvikk á 14 eldsneytisstöðvum Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu (12), Akranesi (1) og í Reykjanesbæ (1). Samrunaaðilum var veitt heimild til síðastnefnd samstarfs á grundvelli ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014, að uppfylltum skilyrðum. Basko hélt utan um erlend vörukaup, flutningsmál, tollaafgreiðslu, vörugeymslu og dreifingu innan samstæðunnar í gegnum Imtex ehf. en engin starfsemi er í félaginu í dag. Þá hélt félagið Drangasker ehf., í eigu Basko, utan um rekstur Dunkin` donuts á Íslandi, en engin starfsemi er í félaginu í dag. Loks fer Basko með 50% eignarhlut í Eldum rétt ehf.

Í samrunaskrá segir að Basko eigi í verulegum og alvarlegum rekstrarerfiðleikum. Markmið samrunans sé að tryggja hagsmuni Skeljungs varðandi rekstur Kvikk verslana sem reknar séu við eldsneytisstöðvar Skeljungs.

III.

Skilgreining markaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.



Samkeppniseftirlitið hefur, í tengslum við rannsóknir fyrri mála, nú síðast vegna samruna N1 hf. og Festi hf., sbr. ákvörðun nr. 8/2019, samruna Haga hf. og Olíuverzlunar Íslands hf., sbr. ákvörðun nr. 9/2019, og kaup Samkaupa á verslunum Basko verslana ehf., sbr. ákvarðanir nr. 28/2018 og 14/2019, rannsakað dagvörumarkaðinn. Þar var dagvörumarkaðurinn skilgreindur með þeim hætti að hann fæli í sér stórmarkaði, lágvöruverðsverslanir, þægindaverslanir og aðrar minni dagvöruverslanir („kaupmaðurinn á horninu“). Í ljósi þess hve mikið samkeppnislegt aðhald hefðbundnar dagvöruverslanir veita eldsneytisstöðvum taldi Samkeppniseftirlitið hins vegar rétt að horfa á dagvörusölu eldsneytisstöðva samhliða veltu hefðbundinna dagvöruverslana við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunanna þó hefðbundnar dagvöruverslanir yrðu eftir sem áður skilgreindar sem sérstakur markaður. Af hálfu samrunaaðila er vísað til þessara sjónarmiða í samrunaskrá.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2018, *Kaup Basko á Eldum rétt ehf.*, var bent á að ef starfsemi Eldum rétt væri skilgreind á sérstökum markaði yrði engin samþjöppun á viðkomandi markaði vegna samrunans. Af þeirri ástæðu var ekki talið tilefni til að taka afstöðu til endanlegrar markaðsskilgreiningar á markaðnum sem Eldum rétt starfaði á, heldur látið nægja að horfa til hins hefðbundna dagvörumarkaðar. Sömu sjónarmið eiga við í þessu máli.

Í ljósi niðurstöðu þessa máls telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að fjalla nánar um skilgreiningar á vörumörkuðum málsins.

Landfræðilegir markaðir fyrir sölu á dagvöru hafa verið skilgreindir staðbundnir þar sem t.d. höfuðborgarsvæðið hefur verið skilgreint sem sérstakur markaður og eftir atvikum aðrir þéttbýliskjarnar og svæði á landinu, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*¹ og þær ákvarðanir sem vísað er til hér að ofan.

IV. Niðurstaða

Í máli þessu eru kaup Skeljungs á öllu hlutafé Basko til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruni þessi hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Skeljungur telur að samruninn muni hvorki raska samkeppni né hafa skaðleg áhrif á neytendur. Markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við samrunann. Þá telur Skeljungur að samruninn verði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Því telur Skeljungur að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar í samrunann.

¹ Byggt hefur verið á sömu skilgreiningu og nálgun í fyrri málum, sbr. úrskurð nr. 2/2009 og skýrslur Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 og 1/2015 þar sem fjallað var um samkeppni á dagvörumarkaðnum.



Heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru á höfuðborgarsvæðinu var um [95-100]² ma. kr. árið 2018.³ Hlutdeild Basko á höfuðborgarsvæðinu var lítil í samanburði við Haga, Festi, Samkaup og Costco og enn minni að teknu tilliti til áhrifa af kaupum Samkaupa á 12 verslunum Basko verslana, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2018. Sé jafnframt horft til dagvörusölu á eldsneytisstöðvum á höfuðborgarsvæðinu var hlutdeild Basko óveruleg eða um [0-5]%⁴ og hlutdeild Skeljungs engin, en Basko hefur sem fyrr segir rekið dagvörusölu á afgreiðslustöðvum Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu.

Heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru á Suðurnesjum var um [5-10]⁵ ma. kr. árið 2018.⁶ Hlutdeild Basko var lítil í samanburði við Haga, Samkaup og Festi. Sé jafnframt horft til dagvörusölu á eldsneytisstöðvum í Reykjanesbæ var hlutdeild Basko óveruleg eða um [0-5]%⁷ og hlutdeild Skeljungs engin.

Heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru á Akranesi var um [0-5]⁸ ma. kr. árið 2018.⁹ Hlutdeild Basko á hinum hefðbundna dagvörumarkaði var engin. Sé jafnframt horft til dagvörusölu á eldsneytisstöðvum á Akranesi var hlutdeild Basko óveruleg eða um [0-5]%¹⁰ og hlutdeild Skeljungs engin.

Heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu var um [10-15]¹¹ ma. kr. árið 2018.¹² Hlutdeild Basko var lítil í samanburði við Haga og Samkaup. Sé jafnframt horft til dagvörusölu á eldsneytisstöðvum á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu var sameiginleg hlutdeild Basko og Skeljungs óveruleg eða um [0-5]%¹³.

Líkt og fram kom hér að framan á Skeljungur eignarhlut í Wedo ehf. sem rekur m.a. vefverslunina Heimkaup.is. Heimkaup starfar m.a. við sölu á dagvöru til neytenda í gegnum vefsíðuna. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa þessi eignatengsl ekki skaðleg áhrif á samkeppni þar sem samanlögð hlutdeild samrunaaðila á dagvörumarkaði er takmörkuð.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur eftirlitið að með samrunanum sé ekki að verða til markaðsráðandi staða sameinaðs fyrirtækis eða styrking á slíkri stöðu. Þá eru engar vísbendingar um að kaup Skeljungs á Basko leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Ekki eru því forsendur til þess að aðhafast vegna samrunans.

² Velta námunduð vegna trúnaðar.

³ M.v. hefðbundna skilgreiningu að viðbættri dagvörusölu Costco.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Velta námunduð vegna trúnaðar.

⁶ M.v. hefðbundna skilgreiningu.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Velta námunduð vegna trúnaðar.

⁹ M.v. hefðbundna skilgreiningu.

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

¹¹ Velta námunduð vegna trúnaðar.

¹² M.v. hefðbundna skilgreiningu.

¹³ Fellt út vegna trúnaðar.



**V.
Ákvörðunarorð**

„Kaup Skeljungs hf. á öllu hlutafé Basko ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson